

## FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2024, miðvikudaginn 20. mars var haldinn 70. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.15.02. Fundinn sátu Helgi Áss Grétarsson, Þorvaldur Daníelsson og Milan Chang. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Jeta Ejupi Abdullahu. Einnig sat eftirfarandi starfsmaður fundinn: Elísabet Pétursdóttir. Joanna Marcinkowska ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um viðhorf gagnvart fólki af erlendum uppruna í Reykjavík.
- Kl. 15.08 tekur Monika Bereza sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Fjölmeningarráð leggur svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð þakkar fyrir umræðu um aukningu í neikvæðum viðhorfum til fólks af erlendum uppruna og gagnlegt var að fá umræðu um ýmis grundvallaratriði sem tengjast aukinni skautun í samfélaginu. Finna þarf leiðir til að auka fræðslu og skilning svo að samhygð og inngilding sé ávallt höfð að leiðarljósi í málefnum þeirra sem eru af erlendu bergi brotin.

Óskar Dýrmundur Ólafsson og Fahim Khoshkhoo taka sæti á fundinum undir þessum lið.  
MSS24030082

2. Fram fer kynning á verkefninu úttekt um menningar- og kynþáttafordóma hjá starfstöðum Reykjavíkurborgar. MSS22060212
3. Fram fer umræða um Fjölmeningarþing 2024 sem verður haldið þann 4. maí n.k. MSS23010211

### Fundi slitið kl. 16.29

Helgi Áss Grétarsson

Þorvaldur Daníelsson  
Monika Gabriela Bereza

Milan Chang  
Jeta Ejupi Abdullahu